

**menningarmál**

**ALMENNA BÓKAFÉLAGIÐ:**  
**KJARVAL**  
 Málari lands og vætta,  
 Höfundar:  
 Aðalsteinn Ingólfsson og  
 Matthías Johannessen.  
 Ljósmyndir:  
 Mats Wibe Lund  
 Rafn Hafnfjörð og  
 Jón Kaldal.

**Að skila Kjarval til nýrra kynslóða**

■ Það fer vist ekki milli mála, að Jóhannes Kjarval var um sína daga fremsti málari þjóðar sinnar og hann átti hug hennar allrar, því hann varð fljótt að ein-skonar godsögn meðal fólksins, allt frá því Guðbrandur Magnússon ritaði um hann fyrstu greinina í blað. En Kjarval hafði þá einkum farið á skútum með ólgandi litinn í blóðinu, en segja má að hann hafi verið skútumaður alla sína daga síðan.

Hafði þær fyrst fyrir barnsaugum austur í Meðallandi er þær mogguðu undir færum, en til



■ KONA vatnslitamynd eftir Kjarval, ein myndanna í bókinni.

# KJARVAL

## Málari lands og vætta

landsins eitthvert mesta sjónarspil í íslensku landslagi, sem til er, fegurð sem endar á himnum.

Jóhannes Sveinsson Kjarval fæddist að Efri-Ey í Meðallandi í Vestur-Skaftafellssýslu árið 1885, en fluttist fjögurra ára að aldri að Geitavík í Borgarfirði eystra, sem hefur nú ekki minna spil frá hendi náttúrunnar en Meðallandið, en úterðina að auki. Þegar hann hafði aldur til byrjaði hann sjómennsku og réri á opnum skipum og á skútum, eins og þá var síður manna en árið 1911 hélt hann utan til myndlistarnáms skoðaði Turner í Lundúnum, sem líka fékkst við skipagerð á léreft.

Þaðan lá leiðin til Kaupmannahafnar, þar sem hann lauk prófum í málalari við Konunglega listaakademíuna árið 1918 — og þar með útskrifaður í lifið og hið öræða.

Það er í rauninni ævintýri líkast, að fátækum skútukarli utan af Íslandi skyldi hleypt í slíkum vosklæðum inn í svo vandadan skóla. Manni, sem hafði í rauninni enga undirstöðu aðra en mikið land er þar við himin og ólgandi sjó. En Kjarval var náttúrubarn, dularfullur tröllvaxinn maður með góð augu og gott hjarta. Allir vildu því greiða götu hans, og meira að segja Skipstjóra og stýrimannafélagið Aldan veitti honum ofurlitinn námsstyrk, en um peningahlöðina er annars fátt vitað.

Ekki er ástæða til að rekja aðrar ferðir Kjarvals, Rómargöngur, eða annað, en frá árinu 1922 er hann að mestu búsettur í Reykjavík og allt til dánardægrs.

Við komuna til Íslands, hefst í raun og veru nýr þáttur í lífi þessa meistara forma og líta. Honum semur strax vel við þjóð sína, eins og allt var með sömu ummerkjum hér og þegar hann fór, en nú taka hjólin að snúast. Kjarval sýnir myndirnar sínar og hlýtur strax lof. Hann gefur út tímarit og ritar í blöð, og síðar á ævinni byrjar hann að senda frá sér bækur líka. En fyrst og fremst er hann Kjarval, ómissandi stærð í sinni samtíð, óskiljanlegur, dularfullur maður, sem allir virðast þó eiga að vini.

Ög nú reyna menn með öllu móti að halda nafni hans á lofti áfram með útgáfum og sýningum, rétt eins og menn vilji halda honum í samtíðinni áfram.

Það verður þó að segjast eins og er, að undirrituðum hefur ávallt þótt fremur klaufalega að þessu staðið. Málara lífa og deyja í þeim myndum er þeir láta eftir sig, og þar þarf líklega minna að óttast um Kjarval en marga aðra. En maðurinn sjálfur, rithöfundinum, persónunni, töframanninum með barnshjartað, hafa verið gjörð fremur lítil skil, því Kjarval var nefnilega

margt annað en málari í venjulegum skilningi þess orðs.

**Ný Kjarvalsbók**

Nú hefur á hinn bóginn komið út bók, er hefur að geyma stutta grein um myndlistarverkið eftir Aðalsteini Ingólfssoni listfr. og nokkur lifandi samtöl og lýsingar á kynnum Matthíasar Jóhannessen ritstjóra og skálds en hinn síðarnefndi hafði mikil persónuleg kynni af Kjarval og gaf út bókina Kjarvalskver fyrir allmörgum árum. Ritgerð Aðalsteins Ingólfssonar birtist hins vegar í Morgunblaðinu á sínum tíma.

Ög nú hefur verið sett saman bók með völdum köflum úr Kjarvalskveri og áðurnefndri ritgerð, og enn fremur hafa verið teknar margar ljósmyndir af verkum Kjarvals, sem flestar eru prentaðar í lit, og er útgáfan hin vandadasta í alla staði.

Bókin kemur út bæði á íslensku og ensku, samtímis, sem er heldur óvenjulegt en er ekki einsdæmi.

Við lestur þessarar fróðlegu og skemmtilegu bókar, kemur margt upp í hugann, annað en það sem í bókinni stendur. Hver er til dæmis staða Kjarvals meðal ungmenna, sem aðeins hafa myndir til að fara eftir og það sem ritad hefur verið til þessa. Að visu er hin eiginlega ævisaga Kjarvals enn í smíðum, en Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur hefur unnið að mikilli bók um Kjarval fyrir Reykjavíkurborg um nokkrum tíma. Svona tæmandi ævisögu, eins og menn gjarnan nefna það.

Aðalsteinn Ingólfsson gjörir í sinni grein stuttlega grein fyrir stöðu Kjarvals í upphafi ritgerðar sinnar, en þar segir á þessa leið:

„Það er varla nokkrum vafa undirorpið að Jóhannes S. Kjarval (1885-1972) er ástsælasti myndlistarmaður Íslandinga á tuttugustu öld. Meðan aðrir ágætir myndlistarmenn íslenskir mega þakka fyrir að fá á þrykk svart-hvítan bækling um sig og list sína, hafa tvær veglegar bækur með fjölda litmynda verið gefnar út um verk Kjarvals að honum lifandi, svo og ein samtalsbók, auk þess sem í bigerð er löng ævisaga hans eftir einn af þekktustu rithöfundum þjóðarinnar. Einnig mætti nefna bústað þann og vinnustofu sem íslenska ríkið byggði honum og nútímalega safnbyggingu, Kjarvalstaði, sem Reykjavíkurborg og íslenskir listamenn byggðu honum til heiburs.“

Þessar miklu vinsældir eru alls ekki bundnar við fagurkera höfuðborgarinnar eða íslenskt menntafólk, það fólk sem oftast heldur listinni mest á lofti og hefur af henni atvinnu. Verk Kjarvals eru sannkölluð al-

menningseign. Ut um allt land, einkanlega í sjávarplássum og sveitabæjum á vestur og suðurlandi, er að finna málverk og teikningar eftir Kjarval, sumpart aðkeypt og sumpart gjafir frá listamanninum sem þarna var einatt á ferð og þakkaði fyrir sig með því að skilja eftir myndir.

Í Reykjavík hefur það nánast verið stöðutákn hin síðari ár að hafa stóra Kjarvalsmynd yfir söfanum í stofunni, helst af hraunbreiðu eða mosapembu. Í seinni tíð hefur þessi Kjarvalsdýrkun reyndar helst komið fram í æðisgöngu kapphlaupi um þau fáu verk hans sem enn eru á markaði, jafnvel ómerkilegasta riss sem á fremur heima í arkífi, listfræðingum til rannsókna, en uppi á stofuveggjum í gylltum ramma.

Þótt þessi aðaun Íslendinga á Kjarval gangi á köflum út í öfgar og í minningu hans hafi margt verið gert af meira kappi en forsjá, þá er hún engu að síður einlæg og skiljanleg þeim sem þekkja Ísland og Íslandinga. Á 19du öld vöktu rómantísk ljóðskáld Íslendinga til vitundar um menningarlega arfleifð sína, mál og þjóðerni. Ekki er úr vegi að segja að Kjarval reki endahnútt á þá vakningu með því að beina sjónum landa sinna að því landi sem þeir byggja, jafnvel inn í það, og leggi í leiðinni grundvöll að nútímalegri myndlist Íslands, — ásamt með Þórarni B. Þorlákssyni, Asgrími Jónssyni og Jóni Stefánssyni, en fremstur meðal jafningja.“

Svo mörg voru þau orð. Þegar þessi Kjarvalsbók er metin, þá verður manni það efst í huga að birtar eru myndir af málverkum og vatnslitamyndum, sem sjaldan sjást opinberlega. Að visu eru sumar þessara mynda til í öðrum bókum. Það breytir hins vegar ekki því, að bókin mun færa nýjar kynslóðir nær Kjarval.

Listfræðingurinn vinnur unglíngavinnu, án þess að vera trúflaður af persónuöfrum meistarans, nema þá af arfsögninni. Skáldið keyrir á öðru eldsneyti, sumsé nánum persónulegum kynnum, og skilar okkur broti af mannum, sem allir dáðu.

„Kjarval var bæði vitur og fjölkunnugur, en grimmur er hann ekki — nema þá fyrir hönd listar sinnar og köllunar“ segir Matthías Johannessen í bókaloek. „Svo lengi lá draumurinn í sál hans og samvisku.“

Jónas Guðmundsson



Jónas Guðmundsson skrifar um bókmenntir.

**skák**



■ Tal að tafli við Kasparov.

## Tal sigraði í Riga

■ Í ágúst mánuði síðastliðnum var haldið öflugt fjölþjóðamót í Riga í Lettlandi. Þátttakendur voru sextán, níu stórmeistarar, sex alþjóðlegir meistarar og einn titillaus. Mótið taldist í 10. styrkleikaflokki og urðu úrslit þau að Michail Tal, fyrrverandi heimsmeistari sigraði, hlaut 11 v., tapaði engri skák. Í 2. sæti varð sovéski stórmeistarinn Vitali Zeschowski með 10,5 v og í 3. sæti með 10 v. kom landi þeirra Tals, stórmeistarinn Oleg Eomanischin. Austur — þýski stórmeistarinn Lothar Vogt varð fjórði með 8,5 v og í 5. — 6 sæti urðu tveir alþjóðlegir meistarar, Erling Mortensen, skákmeistari Danmerkur og Lettinn Alwis Witolinsch, hlutu 8 v. hvor. Frammistaða danska meistarans kom mjög á óvart, en hann sýndi mikið öryggi í mótinu og tapaði aðeins einni skák, vann tvær og gerði tólf jafntefli!

Í hópi þeirra, sem neðar voru í mótinu má nefna stórmeistarann Ivkov frá Júgóslavíu, Ermenkov, Búlgariu, Adorjan, Ungverjalandi og sovésku stórmeistarana Bagirov og Gipslis.

Michail Tal þótti tefla af miklu öryggi í mótinu og þykir nú mörgum sýnt, að hann sé óðum að endurheimta sitt rétta form, rétt einu sinni. Ög við skulum sjá eina af skákum hans frá Riga:

Hvít: M. Tal  
 Svart: A. Gipslis  
 Sikileyjarvörn

1. e4 - e5
2. Rf3 - Rc6
3. d4 - cxd4
4. Rxd4 - e6
5. Rc3 - d6
6. Bc4 - Rf6
7. Be3 - a6
8. De2
- (Bobby Fischer lék hér yfirléitt 8. Bb3 og hrókaði síðan stutt. Þessi hvassa uppbygging er kennd við júgóslavneska stórmeistarann, Velimirovix og hefur skotið mörgum snjóllum skákmeistararum skelk í bringu).
8. - De7
9. 0-050 - Ra5
10. Bb3
- (10. Bd3 kemur einnig sterkelega til greina).
10. - b5
11. f3 - Be7
12. g4 - 0-0
13. g5 - Rh5
- (Gipslis heldur fullkomlega ró sinni og virðist hvergi óttast hina ógnvænlegu þéðafylkingu hvíts á kóngsvæng)
14. f4 - b4
15. f5 - b4

16. Rb1 - Rxb3+  
 17. axb3 - e5!  
 (Leiðir til þvingaðs framhalds, sem er heldur hagstæðara tafl fyrir svart).


18. f6 - exd4
19. fxe7 - Dxe7
20. Hxd4 - a5
- (Nú er komin upp athyglisverð staða, sem er öllu betri á svart. Veikleikinn á d6 er engu erfðari viðfangs en peðið á e4)
21. Hhd1 - He8
22. Rd2 - Bb7
23. Rc4 - Bce4
24. Hxd6 - Bf5

(Þegar hér var komið í skákinni var Gipslis örðinn naumur á tímann og velur því öruggustu leiðina. Skemmtilegur möguleiki, sem þó var erfitt að reikna til fulls í tímahrakinu var: 24. - a4, 25. Hd7 - De6, 26. Hld6 - Df5, 27. Rb6 - a3, 28. Rxa8 - a2, 29. Ha7 - Hxa8, 30. Hxa2 o.s.v.frv.)

25. Dd2 - a4
26. bxa4 - Hxa4
27. Dd4 - Db7
28. Dd5 - Dc8
29. Dc6 - Dxc6
30. Hxc6 - Bg4
31. Hel - Rf4
- (Loksins komst þessi riddari aftur í leikinn).
32. Kd2 - Rg2
33. Hcl - Bf3?

(Fram til þessa hefur svartur þrætt tímahraks hengiflugið af mikilli list, en hér verður honum á í messunni. Nauðsynlegt var 33. - H4a8).

34. Hd6 - Ha2
35. b3 - Rxe3
36. Rxe3 - Ha5
37. Hfl



(Nú kemst hvíti riddarinn til f6 og eftir það er svartur varnarlaus).

37. - Be4
38. Rg4 - Kg7
39. Rf6 - He7
40. Hf4! - Bhl
41. Hh4! - Hea7 og svartur gafst upp um leið. Framhaldið hefði getað orðið: 42. Hxh7+ - Kf8, 43. Hh8+ - Ke7, 44. Hhd8 og síðan Rg8 mát.

Jón P. Þór.

**Jón P. Þór skrifar**

